

Börkur Sigurbjörnsson

Steinarnir

örsaga



Urban Volcano

Steinarnir


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efnið ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Steinarnir

Ég opnaði ferðatöskuna og hrúga af sveittum stuttermabolum og stuttbuxum blasti við mér. Ég skóflaði fötunum í flýti yfir í þvottakörfuna, skellti lokinu aftur og snéri mér á ný að ferðatöskunni.

Á botni töskunnar kom ég auga á steinana tvo sem ég hafði stungið í vasann á einni af gönguferðum mínum um eyjuna. Ég vissi ekki hvers vegna ég þráðist við þá hugmynd að einhvern tímann í framtíðinni myndi ég hafa gaman að því að rifja upp menntaskólajarðfræðina með því að greina steindir og steina.

Ég sótti tvo litla plastpoka í skrifboðsskúffuna og setti steinana hvor í sinn pokann. Ég skrifaði „Ibiza 2010“ á tvo merkimiða og límði á pokana. Ég opnaði fataskápinn og dró fram þungan kassa. Ég kom steinunum fyrir hjá hundruðum félaga sinna og lokaði kassanum. Innst inni vissi ég að ég myndi aldrei sjá þessa steina framar.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstöðum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano